

## Upplýsingastefna utanríkisþjónustunnar

Markmið upplýsingastefnu utanríkisþjónustunnar er að stuðla að gagnsæi og góðum skilningi á verkefnum utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa. Stefnunni er ætlað að tryggja öllum, hvort sem er almenningi, fyrirtækjum, stofnunum, hagsmunasamtökum, kjörnum fulltrúum eða fjölmiðlum, jafnan aðgang að upplýsingum um utanríkismál og utanríkisstefnuna í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012, trúnaðarflokkun upplýsingalaga og alþjóðasamninga.

Í stefnu þessari er gengið út frá þeirri meginreglu upplýsingalaga að almenningur eigi rétt á aðgangi að fyrirbyggjandi gögnum um tiltekin mál nema veigamikil lögmælt rök hnígi að hinu gagnstæða. Við miðlun og vinnslu persónuupplýsinga hefur ráðuneytið í heiðri siðareglur og lagareglur um trúnað, þ.m.t. samkvæmt þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að, og stendur vörð um mannréttindi og mannhelgi.

Ráðuneytið leggur áherslu á að undirbúa vel alla upplýsingagjöf og birta ávallt réttar upplýsingar með skýrum og skiljanlegum hætti svo fljótt sem auðið er. Ráðuneytið á frumkvæði að því að birta eftir föngum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína sem geta átt erindi við almenning, í samræmi við reglugerð um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda nr. 464/2018.

Innri upplýsingamiðlun ráðuneytisins hefur það að markmiði að tryggja aðgang allra starfsmanna að upplýsingum og auðvelda samskipti bæði á milli ráðuneytis og starfsmanna og starfsmannanna sjálfra.

Utanríkisþjónustan nýtir þá miðla sem best henta hverju sinni til að koma upplýsingum á framfæri, þar með talið samfélagsmiðla. Afgreiðslu fyrirspurna skal haga í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma. Leitast skal við að birta upplýsingar á stafrænu formi í því skyni að draga úr pappírnotkun í samræmi við umhverfisstefnu Stjórnarráðsins.

Yfirstjórn utanríkisráðuneytisins ber ábyrgð upplýsingastefnu utanríkisþjónustunnar og endurskoðun hennar en deildarstjóri upplýsinga- og greiningardeildar ber ábyrgð á framkvæmdinni. Auk ráðherra og ráðuneytisstjóra er fjölmiðlafulltrúi málsvari ráðuneytisins við upplýsingagjöf út á við, og deildarstjóri í fjarveru hans.

### 1. Gagnsæi

- Upplýsingar frá utanríkisþjónustunni eru bæði traustar og áreiðanlegar, birtar á skjótan og skýran hátt og reglulega uppfærðar.

- Ráðuneytið hefur frumkvæði að miðlun upplýsinga um starfsemi utanríkisþjónustunnar, stefnu hennar, viðfangsefni, fjárhag og ákvarðanir eftir því sem við á.

- Upplýsingum um störf utanríkisþjónustunnar er miðlað með fréttum á vefsíðu Stjórnarráðsins, tilkynningum á samfélagsmiðlum, fréttatilkynningum og fjölmiðlaviðtölum, auk greininga og skýrslna um starfsemina hverju sinni.

- Fjölmiðlar eiga þess kost að fylgjast með starfsemi og verkefnum ráðuneytisins í samræmi við ofangreind viðmið.

- Leiðbeiningar til almennings í samræmi við leiðbeiningarskyldu stjórnvalda eru aðgengilegar á vef.

## 2. Aðgengi

- Allir hafa aðgang að upplýsingum um viðfangsefni ráðuneytisins, að því marki sem lög heimila. Við meðferð upplýsinga er gætt að ákvæðum upplýsingalaga, stjórnsýslulaga og löggjöf um persónuvernd.

- Upplýsingar eru jafnan aðgengilegar á stafrænu formi. Öllum á að vera auðvelt að finna upplýsingar og viðmót leitar skal því vera notendavænt, þægilegt og einfalt.

- Við birtingu upplýsinga er þess sérstaklega gætt eins og frekast er kostur að birtingin nýtist fólki með fötlun til jafns við aðra, í samræmi við aðgengisstefnu ríkisstjórnarinnar fyrir opinbera vefi.

- Upplýsingar eru settar fram á skýru og góðu íslensku máli í samræmi við málstefnu Stjórnarráðsins. Einnig eru þær settar fram á erlendum tungumálum eftir því sem kostur er.

## 3. Virk samskipti

- Fyrirspurnum frá almenningi og fjölmiðlum um starfsemi utanríkisþjónustunnar er svarað út frá fyrirliggjandi gögnum eins fljótt og unnt er og innan lögmæltra fresta.

- Leitað er með skipulegum hætti eftir viðhorfum og skoðunum almennings, svo sem í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, með það að markmiði að stuðla að virkum samskiptum, auknu gagnsæi og lýðræðislegri stefnumótun

- Við hættuástand erlendis nýtir utanríkisþjónustan upplýsingamiðla sína og tengslanet til þess að aðstoða íslenskra ríkisborgara og veita áreiðanlegar upplýsingar fljótt og örugglega.

- Utanríkisþjónustan annast fyrir hönd stjórnvalda almenna upplýsingagjöf um Ísland og íslensk málefni á erlendum vettvangi í samráði við önnur ráðuneyti og stofnanir.

- Ef upp kemur ótryggt ástand hérlandis, til dæmis vegna náttúruvár, annast utanríkisþjónustan upplýsingagjöf erlendis í samráði við upplýsingateymi almannavarna.

## 4. Innri upplýsingagjöf

- Góð innri upplýsingagjöf auðveldar samskipti milli starfsmanna, hvetur til umræðu og skoðanaskipta, eykur skilvirkni og bætir starfsandann.

- Starfsfólk utanríkisþjónustunnar hefur greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem varða verkefni þess og er meðvitað um aðra þætti starfseminnar. Starfsfólki er skylt að gæta þagmælsku um það sem það fær vitneskju um í starfi og leynt skal fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins.

- Innri upplýsingagjöf fer einkum fram með eftirtöldum leiðum:

- Á innri vef ráðuneytisins
- Á starfsmannafundum
- Á skrifstofu- og deildafundum

- Ráðuneytið kannar reglulega árangurinn af innri upplýsingagjöf, meðal annars með viðhorfskönnunum.